

AUGLÝSING

um heimild til hækkunar rafmagnsverðs.

Ráðuneytið hefur frá og með 1. apríl n. k. heimilað Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Hafnarfjarðar 10% hækkun á grunnjaldi raforku skv. núgildandi gjaldskrá þeirra.

Lönaðarráðuneytið 26. mars 1975.

F. h. r.

Árni P. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUR

um skipun og störf prófdómara við skóla gagnfræðastigsins.

I. Skipun prófdómara.

1. Prófdómara við unglinga-, mið- og gagnfræðaskóla skal skipa til 2ja ára í senn.
2. Til starfsins skal velja menn, sem hafa sérþekkingu í þeirri grein eða greinum, sem þeir eiga að dæma. Skal þá miðað fyrst og fremst við það, að þeir hafi háskólapróf eða kennarapróf og kennslureynslu. Sé eigi vól á manni til starfsins, sem fullnægir þessum skilyrðum, er heimilt að víkja frá þeim.
3. Eigi skal að jafnaði skipa þann mann prófdómara við skóla, sem kennir við skólann.
4. Miða skal fjölda skipaðra prófdómara við það, að eigi komi fleiri en 400 úrlausnir á hvern prófdómara. Heimilt er þó að víkja frá þessu ákvæði, sé um að ræða mann, sem eigi gegnir öðru starfi, meðan á úrvinnslu prófa stendur.
5. Stjórnskipaðir prófdómarar skulu vera við eftirtalin próf:
 - a. Unglingapróf, í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
 - b. Landspróf miðskóla, í öllum námsgreinum. Sama gildir um önnur miðskólapróf, séu þau lokapróf.
 - c. Gagnfræðapróf, í öllum greinum.
 - d. Próf úr framhaldsdeildum gagnfræðaskóla, í öllum greinum.

II. Störf prófdómara.

1. Prófdómari skal vera á prófstað, þegar próf er tekið, nema sérstakur trúnaðarmaður sé í hans stað. Honum ber að rjúfa innsigli prófa, sem send eru frá menntamálaráðuneytinu, og fylgjast með framkvæmd þeirra og hlutast til um, að settum reglum um prófið sé fylgt.
2. Prófdómari skal ásamt kennara gefa einkunnir í munnlegum prófum. Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, leiðréttir þær og dæmir, en síðar prófdómari, og koma þeir sér saman um einkunn. Óski prófdómari hins vegar að fá prófúrlausnir strax að loknu prófi, skal sá háttur á hafður.